

39. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal á 2. hæð Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri, föstudaginn 29. janúar 2010.

Mættir stjórnarmennirnir: Skúli Alexandersson, fráfarandi formaður; Guðbrandur Brynjúlfsson, nýr formaður; Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Auk þeirra: Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 13.00.

Dagskrá:

1. Nýr formaður boðinn velkominn, en fráfarandi formaður kvaddur.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
3. Kynnt fyrirhuguð ráðstefna á vegum Vesturlandsskóga í Stykkishólmi 24.-26. mars 2010.
4. Ferð “Grænni Skóga” nemenda til Skotlands í sumar og hugsanlegur stuðningur Vesturlandsskóga við þá (og jafnvel einnig starfsmann/-menn Vesturlandsskóga, sem kunna að vilja slást í förina).
5. Bráðabirgðaniðurstaða fjárhags á árinu 2009.
6. Rekstraráætlun vegna 2010.
7. Samstarf við nefnd Landbúnaðarráðherra um endurskoðun á starfsemi LHV.
8. Starfsmannahald.
9. Önnur mál.

1. Skúli fráfarandi formaður bauð Guðbrand velkominn til starfa og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf þann tíma sem hann gengdi formennsku. Skúli yfirgaf fundinn eftir annan lið.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
3. Sigvaldi gerði grein fyrir ráðstefnu sem haldinn verður á vegum Vesturlandsskóga, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélag Íslands, í Stykkishólmi 24.-26. mars n.k.
4. Ákveðið er að fara í kynnisferð í ágúst til Skotlands með nemendum Grænni skóga, sem eru þátttakendur í Vesturlandsskógum, að sækja um styrk til fararinnar að upphæð kr. 20 þúsund. Einnig gildir það fyrir starfsmenn Vesturlandsskóga.
5. Sigvaldi gerði grein fyrir afkomu síðastliðins árs. Hann telur að um 2-3 milljónir kr. verði í afgang fyrir árið 2009.
6. Rekstraráætlun fyrir næsta ár lá ekki fyrir, en verður send til stjórnarmanna í næstu viku.
7. Sigvaldi greindi frá samstarfi við nefnd, sem skipuð var af Landbúnaðar- og sjávarútvegaráðherra og fundaði hér í október. (sjá 38. fundargerð). Áætlað er að nefndin skili störfum í vor.
8. Starfsmenn eru nú tveir, eftir að Sigríður hætti störfum sl. sumar. Rætt var um að ráða sumarstarfsmann í tvo til þrjá mánuði í sumar. Framkvæmdarstjóra var falið að kanna fjárhagslegan grundvöll þess.

9. Önnur mál. Þórarinn benti á mikilvægi þess, að plöntuframleiðendur noti íslenskt fræ sem mest. Sigvaldi upplýsti að þetta hefði verið stefna Vesturlandsskóga og að flestir plöntuframleiðendur noti íslenskt fræ í auknum mæli. Guðbrandur spurði um starfsreglur stjórnar. Sigvaldi svaraði því til, að þær væru ekki til. Stjórnin samþykkti að leggja það til að fá ráðuneytið til að vinna starfsreglur fyrir stjórnir landshlutaverkefnanna.

Fundi slitið kl. 15.45